

bírta

spyr réttu spurninganna



TÍSKA

» Chloe Sevigny

ÍTALSKT KAFFI

» Fullkomnar máltíðina

EVA BJARNADÓTTIR

» Saumar þjóðbúning á systur sína

JÓNAS ÖRN

» *Jarðbundinn meistari*

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN
2. júní - 8. júní

L'



R



É

A

L

P A R I S

Fyrsti farðinn frá Loréal sem **aðlagar sig fullkomlega** að lit og áferð húðar.

NÝTT **true
match**

Sérstök blanda sem veitir fullkomna förðun



HVAÐ ER NÝTT

Farði sem aðlagast áferð og lit húðarinnar fullkomlega. Léttur og þægilegur í notkun, mjög auðvelt að stýra áferð hans. Ferskur og eðlilegur, en þekur vel svo húðin virðist lýtalaus.

HVAÐ ER SATT

Einstakir 10 litatónar. Aðlaga sig fullkomlega að þínum eigin húðlit.

HVAÐ ER INN

Húðin verður strax áferðarfallegrí. Örfin áferð farðans gerir húðina lýtalausa. Ríkt af B5 og E vítamínum.

HVAÐ ER ÚT

Kekkir og farði með þéttri áferð. Uppgötvaðu fallega áferð og fullkominn lit, loksins farði sem þú munt elska að nota.

Eins nálægt þinni eigin húð og nokkur farði getur verið.

ÞVÍ ÞÚ ÁTT ÞAÐ SKILIÐ.

L'ORÉAL
PARIS





hverjum hefði dottið í hug
að það væri gott fyrir húðina
að verða sólbrúnn?

Ný Dove Summer Glow Body Lotion er blanda af nærandi
rakakremi og örlitlu af brúnkumyndandi efnunum. Húðin verður
silkimjúk og hæfilega rök og smám saman fallega ljósbrún.

Gott fyrir húðina - frábært fyrir últitið.



Nýtt!

Húðkrem með brúnkuefnum



 | Dove



16



32



24



20

Þetta helst

- 7 Litlu andarungarnir
- 8 Heitt og kalt
- 8 Tíðarandi
- 10 Brennsla Benna Hemm Hemm
- 12 Reykjavík trópík
- 14 Reykjavík með augum
Andrésar Kolbeinssonar

Viðtol

- 16 Jónas Örn Helgason:
Jarðbundinn meistari
- 20 Eva Bjarnadóttir:
Saumar 19. aldar þjóðbúning

Hann/hún

- 24 Crema di caffè
- 28 Chloe Sevigny skapar tískuna
- 32 Hvert skref skiptir máli
- 34 Skemmtilegir leikir í ferðalagið
- 36 Brynhildur elur upp
- 36 Matur á meðgöngu
- 38 Haldir á eldri börnum
- 40 Jóhanna segir kynjasögur
- 40 Stjörnuspá
- 42 Jóga fyrir alla
- 44 Magnesíum fyrir betri líðan
- 44 Pilates fyrir hlaupara
- 46 Vatnsleikfimi

Í hverju blaði

- 48 Krossgáta
- 51 Sjónvarp næstu viku
- 68 Sudoku



Sjóvá hefur
verið aðalstyrktaraðili
Kvennahlaupsins í 14 ár

SJÓVÁ

Taktu þátt í Sjóvá Kvennahlaupi ÍSÍ 10. júní. Nánari upplýsingar á sjova.is



Text: TRYGGVI GUNNARSSON Mynd: GVA

Litlu andarungarnir

Reyndar eru þetta ekki andarungar heldur gæsarungar. Það gildir einu, varp er byrjað af fullum krafti um allt land, þó svo að veturnar konungur hafi heimsótt okkur heldur óvænt og óvelkomið í lok síðasta mánaðar. Sunnanmönnum finnst heldur mikil ókúrteisi af hans hálfu að dvelja alls staðar annars staðar en hjá þeim í veturnar, og svo þegar hann kemur aftur þá rétt kastar á hann á þá kveðju.

Norðanmönnum finnst örugglega nóg komið því ekki fer kuldinn vel í fuglana sem berjast við að finna sér æti og halda hita á eggjum sem þegar eru komin í hreiður. Nú standa vonir til þess að veturninn sé farinn og komi ekki aftur fyrr en að 5 mánuðum liðnum. Þær vonir eru sameiginlegar norðan-, sunnan-, vestan-, og austanmönnum. Framundan er hvítasunnuhelgi, útilegur, grill,

bjartar sumarnætur, grænt gras, gleði og glaumur. Skuggatjöld skammdegisins falla fyrir eilífu skini sólar sem virðist hafa ruglast í ríminu og hringsólar yfir þjóð sem ekki veit hvort hún á að vaka eða sofa. Þessa helgi er valið hinsvegar auðvelt. Það verður vakað og veturninn endanlega kvaddur og langþráð sumarið boðið velkomið í góðra vina hópi.

| heitt & kalt |

Heitt



ÍS Jömmi! Fá einn kaldan rjómaſ í brauði með súkkulaði, jarðarberjum og kurli takk.

Vøgt



ÍSLAND Við búum á einu falegasta landi veraldar og það er glatað að þvælast á sóðalegar strendur í fjarlægum löndum þegar fjallafaðmurninn er við túnfótinn.

Hvorki heitt né kalt



SNIÚÐUR, HNÚTUR, TAGL Kannski ekki nýtt af nálinni en sjóðheit greiðsla fyrir sumarið. Góð greiðsla svo sólin skíni á hálsakotið.

Við stofuhita



SKULDIR Glaaaaatað. Eyðsluklær allra sýslna sam-einumst, söfnum peningum og njótum lífsins.

ískalt



ÚTLITSDÝRKUN Kakan er alltaf jafn góð sama í hvaða formi hún er borin fram.

hvítasunna » Allir af stað í ferðalag

Húrra! Fysta útileguhelgi sumarsins runnin upp. Mál að viðra kúlutjaldið, prímusinn og svefnþokkann sem kúrt hafa í geymslunni í vetur og halda út í íslenska snemmsumarið. Orðið hvítasunna hefur yfir sér sérstakan léttleika enda þyðir sunna sól svo bara heiti helgarinnar gefur viss fyrirheit. Auðvitað getur verið að sólin skíni bak við ský allan tímann en þá fá líka lopapeysurnar og vindjakkarnir að sanna gildi sitt. Allt í góðu með það. Aðalaatriðið er að njóta þess að vera í frí, halda út í hina nóttlausu voraldar veröld og finna friðinn eða fjörið eftir því sem hugurinn girtist.



sumarbækur » Krimmar og vasabrotsbækur

Júní er hafinn og sumarfríin að bresta á. Sumarfrí með tilheyrandi ferðalögum og afslöppun. Bókalestur tilheyrir þessari afslöppun og ekki úr vegi að kippa einni, tveimur eða fleiri bókum með sér í fríð. Sumarfríð má auðvitað nota til þess að lesa heimsbókmentirnar sem urðu útundan í síðasta fríi eða frínu þar á undan. Don Kíkóti er til dæmis kominn út í kilju og væri nú gott að geta strikað það verk út af listanum yfir bækur sem bráðnauðsynlegt er að lesa. Fjölmargar íslenskar skáldsögur koma út um hver jólf og alltaf einhver sem óverðskuldað drukknar í flóðinu og gaman og gagnlegt væri að kynna sér. Jólafríð er líka svo ansi stutt að jólabækurnar vilja enda ólesnar uppi í skáp. Sumarfríð er þó fyrst og fremst tími reyfara að margra mati. Bókasöfnin tæmast af glæpasögum sem einnig rjúka upp metsölulista. Fríð er einfaldlega ekki fullkomíð nema einn eða tveir reyfarar séu með í fárteskinu. Af nögu er að taka, fjölmargir íslenskir reyfarar hafa komið út undanfarin ár og svo má alltaf grípa í þýddar spennusögur, eða lesa bækurnar á frummálinu. Pakka svo fyrir íslenska sumarið sem byður ekki upp á myrkfælni og bjargar manni frá að deyja úr hræðslu yfir ógnekjandi spennusögu um miðja nótt.



nemendur » Koma svo, vinna smá!

Nú þegar skolinn er búinn hjá flestum nemendum landsins fara þeir að flykjast út á vinnumarkaðinn. Þó að flest okkar sem erum á hinum almenna vinnumarkaði tökum það rólega á sumrin þá má segja að sjaldan séu fleiri út á vinnumarkaðnum en einmitt þegar veðurbliðan er sem mest hér á landi. Ótal mörg störf skapast á þessum tíma, til dæmis ýmis verkamannastörf, garðvinnustörf og síðan auðvitað störf tengd ferðamannabjónustu. Síðan má ekki heldur gleyma því að fylla þarf þau störf sem verða til vegna þess að „hinari vinnandi stéttir“ þurfa að taka sér sumarfrí. En á meðan aðrir slappa af í sumarfrí þá stríta grunn-, mennta- og háskólanemar landsins, þeir þurfa jú á einhverjum aurum að halda til þess að lifa af veturinn.

A fashion advertisement featuring a woman with dark hair pulled back, wearing a white button-down shirt tucked into black pants with a belt. She is seated on a blue and white striped sofa. The background is a light-colored wall.

c o a s t

mikið úrval af útskriftarfatnaði



» birta mælir með ...

... **SJÁVARKJALLARANUM** Sennilega eini veitingastaðurinn á höfuðborgarsvæðinu sem býður upp á kengúru í súkkulaði og hörpu-diska fylta með flugfiskahrognum. Ekki spillir fyrir að þessir framandi og sérstöku réttir eru svakalega bragðgöðir og bornir fram í fallegum ílátum, vöfðum laufum. Þetta er staður fyrir heimsborgara jafnt sem sveita-lúða því þjónarir taka jafnvel á móti öllum og tilbúnir að útskýra allt í þau.



... **BEE SEASON** Saga af ungri stúlkum sem uppgötvar hjá sér leynda hæfileika þegar hún tekur þátt í stafsetningarkerppni í skólanum. Á sama tíma virðist fjölskylda hennar að vera að liðast í sundur og stúlkan byrjar örvaentingafulla leit af guði til að fullkomna hæfileika sína og bjarga fjölskyldunni. Sagan er hvorki spennandi né fyndin, en heldur manni vel við efnið, enda einstaklega vel skrifuð og raunsönn. Bókin er fyrsta skáldsaga Myla Goldberg og hefur þegar verið gerð kvikmynd eftir bókinni með Richard Gere og Juliette Binoche í aðalhlutverki.

... **MONSIEUR GAINSBOURG REVISITED** Frábær geisladiskur þar sem fjöldinn allur af listamönnum hefur tekið höndum saman og endurskapað mörg af bestu lögum meistara Gainsbourg. Hið ódaudlega lag Je t'aime - moi non plus er sungið á ensku af Cat Power og Jarvis Cocker & Kid Loco flytja lagið I just came to tell you that I am going lystilega vel. Franz Ferdinand eiga einnig góðan sprett, ásamt Feist, Marianne Faithful, Portishead, The Rakes o.fl. Þetta er diskur sem sjálfur Gainsbourg myndi fíla.



brennslan mín ...

Bendikt H. Hermannsson

Pjóðlog, vangalög og rokk og ról

Bendikt H. Hermannsson, hljómsveitarstjóri Benna Hemm Hemm, er einn af þeim sem spila á Reykjavík Trópík hátiðinni um helgina. „Þetta er spennandi tónleikahátið og verður líka eitt af örfaum skiptum sem við munum spila í sumar,“ segir Benedikt en hljómsveit hans mun væntanlega senda frá sér nyja skífu í haust. Varðandi brennsluna segist Benedikt hafa valið tímabundið „best of“. „Það eina sem ég hafði áhyggjur af þegar ég sendi brennsluna frá mér var að hún væri kannski einum af einhæf en þetta er það sem ég hef mest verið að hlusta á undanfarið. Brennslan gatí því lítið allt óðruvísi út eftir mánuð,“ segir Benedikt að lokum en flestir attu þó að sjá að hér er afar fjölbreytt brennsla á ferð.

LAG 1 **The King of North með Maher shalal hash baz.** Ég var nýlega kynntur fyrir þessari frábæru japónsku furðupophljómsveit. Það er eitthvað ótrúlega hresst og skemmtilegt við þessa hljómsveit, en jafnframt mjög furðulegt og framandi.



LAG 2 **Vem kan segla með Lee Hazelwood.** Lee Hazelwood er sá langvalasti, og djúprödduð rauntímapjölding hans á Vem kan segla frá sánsku yfir á ensku ein af þeim ógleymalnagu upptökum sem koma honum á toppinn.

LAG 3 **Einbreið brú með Paul Lydon.** Vitlaust hús er ein af uppá-haldsplötunum mínum og Einbreið brú er uppáhaldslagið mitt á henni. Frábær texti og frábært lag.

Tónlistarhátið á Akureyri

NÝTT

LAG 4 **Subterranean Homesick Blues með Bob Dylan.** Ég nefni bara eitt af fjölmögum uppáhaldslögum mínum eftir Bob Dylan. Myndbandið við lagið er líka með þeim svalari sem til eru.

Í kvöld hefst Alþjóðleg tónlistarhátið á Akureyri, sú fyrsta sem þar hefur verið haldin. Tónlistarhátiðin er með blúsþema en meðal þeirra sem þar troða upp eru Blúskompaní Magnúsar Eiríkssonar, bandaríksa hljómsveitin Lamont Cranston Blues Band frá Minneapolis og Blúsmeinn Andreu. Það er áhuga-mannafélag sem að hátiðinni stendur og segir Guðrún Pórðardóttir, einn aðstandenda þess, að stefnt sé að því að gera hátiðina að árvissum viðburði. „Við viljum að hún verði enn sterri á næsta ári og þá ætlum við að hleypa öðrum tónlistarstefnum en blúsnum að.“ Guðrún vonast til að Akureyringar sem utanbæjarfólk mæti á hátiðina, fyrsta ferðahelgin en framundan svo hún vonar að ferðalangar kíki við og skelli sér að tónleika. Miðar á tónleikana fást á midi.is og við inngang.

LAG 5 **Not Clean með Ghostigital.** Ég dýrka brjáðeisofforsið í hljómsveitinni. Á plötunni eru mörg frábær lög og gestirnir sem koma fram allir mikilr snillingar. Ber þá helst að nefna Mark E. Smith og svo er Hrafna saxófonleikari magnaður.



LAG 6 **Bridges and Balloons með Joanna Newsom.** Joanna er frábærlagasmíður, og eftir tónleikana í Fríkirkjunni um daginn finnst mér hún eiginlega bara ennþá skemmtilegri en áður og það var mjög skemmtilegt að heysa nýju lögum hennar.

LAG 7 **Your Song með Elton John.** Ég fæ aldrei leið á þessu lagi. Þetta er vangalagið á mínu heimili.

LAG 8 **Where Have All the Good Times Gone með The Kinks.** Platan The Kink Kontroversy endar yfirleitt á fóninum þegar ég fæ að vera plötusnúður annað hvort heima hjá mér eða annars staðar. Þeir eru ótrúlega svalir.

LAG 9 **Black Haven með Jana Hunter & Devendra Banhart.** Ég er ótrúlega mikil eftir á, var núna fyrst að kaupa mér plötu með Devendra Banhart. Þessi plata hefur verið á fóninum alveg viðstöðulaust í nokkrar vikur.

LAG 10 **Be My Baby með The Ronettes.** Þetta lag er besta popplag sem ég hef heyrt. The Ronettes eru geðveikar og upptökustjórn Phils Spectors algjör snilld.

FÁÐU MYNDINA

ÞRÁÐLAUST Í SJÓNVARPIÐ ÞITT



Buffalo
LinkTheater
Geggið
graða



Hágæða afspilun á efni frá PC tölvu
LinksStation eða Terastation beint í sjónvarpið þitt, þráðlaust
Skoðaðu ljósmyndir eða horfóð á video í sjónvarpinu þinu með LinkTheater
Háhraða 802, 11g þráðlaust netkort gerir þér kleift að nálgast efni á einfaldan hátt
DivX, DivX HD og XviD afspilun
Innbyggður "progressive scan" DVD spilarí sem spilar DVD/SVCD og Data format
MP3 og WMA afspilun á músik
Með PCcast er hægt að spila efni beint frá Link Theater eða TeraStation
USB tengi að framan fyrir USB Harðdisk, USB minnisýkli eða USB kortalesara
Tengi fyrir utanáliggjandi loftnet

My PC 3400+ Super Series

Örgjörví: AMD Athlon 3400+ 64bita
Vinnsluminni: 1GB DDR 400MHz
Harður Diskur: Seagate 250GB ATA
Skjár: Acer 19" LCD WideScreen BMS 500:1
Annað: Lyklaborð og Logitech mís

2ja ára ábyrgð

24.990,- kr



**MEGA
PAKKI**

My PC X-Blade Super Series

Örgjörví: Intel Pentium 4 3,2GHz 2MB EMT64 HT

Vinnsluminni: 1GB DDR 400MHz [2x512]

Harður Diskur: Seagate 250GB SATA 2 150 7200RPM

Skjár: Acer 19" LCD WideScreen BMS 500:1

Hátlalar: Logitech X-230 2+1

Annað: Lyklaborð og Logitech MX518 Gaming mís

2ja ára ábyrgð

135.990,- kr

Sony 13,3" Fartölva

Örgjörví: Intel T-2400 Core Duo 1.83GHz 2MB 667MHz

Vinnsluminni: 512MB DDR 2 (stækkanlegt í 2GB)

Harður Diskur: 80GB 5400RPM SATA m/Shock protection

Drif: DVD +/- skrifari Dual Layer og DVD Lesari (Combo)

Skjár: 13" WXGA TFT 1280x800 Xbrite

Stýrikerfi: Windows XP Professional SP2

2ja ára ábyrgð



209.990,- kr

Buffalo Drive Station 160GB

USB 2,0 og 1,1

Sjálfvirk uppsetning

Stillanleg sjálfvirk afritun

Auto Power Off

Viftulaus hönnun með kæliefingileika kassans í huga

Sjálfvirk ræsing

Afar hljóðlátur tilbúinn til notkunar 7200RPM diskur

Frábær hönnun, glæsilegt útlit



9.990,- kr



Samsung Syncmaster 940B 19" 8ms

Eru Samsung skjárnir þeir bestu á markaðnum?
Komdu og náðu þér í eintak



Samsung Syncmaster 930BF 19" 4ms

Eru Samsung skjárnir þeir bestu á markaðnum?
Komdu og náðu þér í eintak

49.990,- kr

Hauppauge PVR-500 Media Center Kit

Taktu upp two sjónvarpsbætti samtímis eða horfóu á annan og taktu upp hinn.

Settu á pásu, sleptu úr, spólaðu fram og aftur.



24.990,- kr



Eureka Media Player
Frábær media player fyrir 3,5" harðdisk. Tengist beint við sjónvarp og spilar allar helstu media skrár.

15.990,- kr



EVGA GeForce 6600
256MB AGP 4ns
hríkalega hráðvirkt kort í alla leikina

9.990,- kr



Logitech G5 Laser
Leikjamús
Æðisleg mís í leikina

3.990,- kr



Flakkari USB 2,0/1394 3,5'
Vinselasti flakkarinn.
Álbox með USB og FireWire
Tengimöguleikum. Viftulaus.
EKKI með hörðum disk

4.980,- kr



Flakkari Coolmax
ATA/USB/1394
Stýrður bæði IDE og SATA
Harðdiska...USB 2,0
Firewire og SATA
tengimöguleikar.
EKKI með hörðum disk

7.900,- kr



Azona SP-3000
Fartölvi mís
Snilldar mís í töskuna

1.990,- kr



Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabréngi
Öll verð eru með 24,5 % vsk.

Opið Mán - Fös: 10-18
Lau: LOKAÐ Í SUMAR



Svalandi tónleikahátið

Reykjavík Trópík er ný tónlistarhátið sem hefst í kvöld. Hátíðin stendur yfir í þrjá daga og er hún á vegum aðila tengdum Háskóla Íslands. Rjóminn af bestu tónlistarmönnum landsins spilar á hátiðinni en einnig eru nokkrir frægir erlendir gestir sem troða upp. Allir ættu að finna eitthvað við sitt hafi á hátiðinni enda er dagskráin einstaklega fjölbreytt. Hátíðin fer fram í stóru tjaldi sem komið hefur verið upp fyrir utan aðalbyggingu Háskólangs og rúmar það um tvö þúsund gesti. Pagar þetta er ritað eru enn til miðar á hátiðina en nokkuð ljóst þykir að uppselt verður á þessa ágætu hátið, sem vonandi er komin til að vera.



Belgiska hljómsveitin Girls in Hawaii hefur verið að veikja nokkurt umtal að undanfóru á meginlandi Evrópu og því verður gaman að fylgjast með tónleikum sveitarinnar enda fáir sem þekkjá almennilega til hennar.

LAUGARDAGUR

Dagskráin hefst snemma á laugardaginn eða um þrjúleytið. Laugardagurinn verður vœtanlega sá rokkaðasti en þann dag spila meðal annars Skátar, Kimono, Hairdoctor, Jan Mayen og Úlpa. Um miðnætti mun svo Supergrass reyna að trylla lýðinn en hljómsveitin er án efa sú þekktasta sem kemur fram á hátiðinni. Því má búast við að mikil stemning verði á háskólasvæðinu í kringum tónleikana enda laugardagskvöld auk þess sem eitthvað verður um að vera í kringum aðaltjaldið.

FÖSTUDAGUR

Erfitt er að gera upp á milli kvöldanna þriggja en þó verður að segjast alveg eins og er að föstudagskvöldið er einkar girmilegt. Dagskráin hefst klukkan 15.30 en þá stígur á stokk bjartasta von íslensks tónlistarlifs, hin hafnfirska Jakobínarína. Auk þeirra má til dæmis nefna Berna Hemm Hemm, Daníel Águst og Hjálma sem áhugaverða kosti á föstudagskvöldinu. Tvær erlendar hljómsveitir munu einnig koma fram í kvöld en það er hin belgíska Girls in Hawaii, sem spilar léttleikandi indí rokk, og hljómsveitin Ladytron sem spilar fram-sækna og rokkaða raftónlist. Síðust á svíð verður Apparat Organ Quartet sem er án efa ein af bestu tónleikahljómsveitum landsins.



Ladytron er sannkölluð töffarahljómsveit sem sendi frá sér fína skífu á síðasta ári, The Witching Hour. Spilar nokkuð ágenga raftónlist sem samt er bæði rokkuð og dillivæn.



Apparat Organ Quartet vekur alltaf mikla hamingju í hvert skipti sem hljómsveitin kemur fram á tónleikum.

SUNNUDAGUR

Þar sem mánudagurinn næsti er almennur frídagur má búast við því að stuðið verði ekki minna á sunnudeginum en á laugardeginum. Íslenskir tónlistarmenn á borð við Nortón, Flís & Bogomil Font, Ghostigital, Johnny Sexual og fleiri ættu að geta komið mannskapnum í gott grúv en einnig mun sprellgosinn Kid Carpet frá Bretlandi einnig troða upp á sunnudagskvöldinu. Stærsta nafnið það sama kvöld er án efa hin goðsagnakennda hljómsveitin E.S.G. sem spilar afar flott fónk. Stuðið mun síðan halda áfram fram eftir nóttu en hljómsveitin Trabant mun sjá um að setja punktinn yfir i-ið á vonandi vel heppnaðri Reykjavík Trópík hátið.



Kid Carpet er breskur tónlistarmaður sem þykir mikill stuðbolti en hann spilar forvitnilega tónlist með ýmsum undarlegum hljóðfærum.

Bjartir dagar



Lista- og menningarhátíð Hafnarfjarðar

DAGSKRÁ

1.-10. júní 2006

fimmtudagur 1. júní

Hafnarfjarðarbær 98 ára

- Kl. 14:00 Skrudda fyrir börnin. Brúðubillinn sýnir fyrir utan Bókasafn Hafnarfjarðar
Kl. 16:00 Setningarárhátið Bjartra daga í Hásöldum
Kl. 18:00 Rativ. Ópnun sýningar á útlistaverkum listnema við Listaháskóla Íslands
Kl. 18:30 Opnumarkvöld Gamla bókasafnsins
Kl. 19:00 Dagskrá Byggðasafnsins á safnadegi
Kl. 20:00 Kór Flensborgarskólangs í Hásöldum Hafnarfjarðarkirkju
Miðaverð er kr. 1500 / frítt fyrir nemendur Flensborgarskólangs og börn yngri en 12 ára.
Kl. 20:00 Opin æfing á Gunnlaðar sögu í Hafnarfjarðarleikhúsini

föstudagur 2. júní

- Kl. 10:00 Söngurinn ómar um bæinn
Kl. 12:00 Bastien og Bastienne. Óperusýning fyrir börn í Hafnarfjarðarleikhúsini
Kl. 13:30 Bastien og Bastienne. Óperusýning fyrir börn í Hafnarfjarðarleikhúsini
Kl. 17:00 Bryna og börnin. Ópnun myndlistarsýningar í gamla Lækjarskóla
Kl. 19:00 Hljómsveitarkeppni í Gamla bókasafninu
Kl. 19:00 Hljómsveitin Mogadon leikur á A. Hansen fram eftir kvöldi
Kl. 20:00 Agnes High Quality leiksýning í Jaðarleikhúsini
Athugið að sýningin er á ensku.
Aðgangseyrir 1000 kr./800 kr - ókeypis fyrir börn yngir en 16 ára

laugardagur 3. júní

- Dagur helgaður fjölmenningu í Hafnarfirði
Kl. 11:00 Stokrotka, pólsk matarkynning í pólsku búðinni Hvaleyrarbraut 35
Kl. 13:00 Opíð hús hjá Nýbúadeild Lækjarskóla
Kl. 13:00 Manneskjúbókasafn á Gamla bókasafninu
Kl. 14:00 66. vormót Hraunbúa í Krýsuvík
Kl. 15:00 Stuttmynd um fjölmenningu í Hafnarfirði í Gamla bókasafninu
Kl. 15:00 Innileg fjarvera. Ópnun sýningar í Hafnarborg

- Kl. 17:00 Sýning á Agnes High Quality í Jaðarleikhúsini
Athugið að sýningin er á ensku.

- Aðgangseyrir 1000 kr./800 kr - ókeypis fyrir börn yngir en 16 ára
Hljómsveitin Mogadon leikur á A. Hansen fram eftir kvöldi
Cantare – söngvakeppni hinna mörgu tungumála í Hafnarfjarðarleikhúsini. Aðgangseyrir 500 kr
Fuglaskoðun í Höfðaskógi og við Hvaleyrarvatn á vegum Skógræktar Hafnarfjarðar

sunnudagur 4. júní

- Kl. 14:00 Bastien og Bastienne. Óperusýning fyrir börn í Hafnarfjarðarleikhúsini
Kl. 20:00 Bað besta úr „Nótt í Feneyjum“ eftir J. Strauss í Hafnarborg
Kl. 20:00 Kakóbollinni í Gamla bókasafninu
Kl. 20:00 Sýning á Agnes High Quality í Jaðarleikhúsini
Athugið að sýningin er á ensku.

- Aðgangseyrir 1000 kr./800 kr - ókeypis fyrir börn yngir en 16 ára
Drungablús og djöflakántri, miðnæturtonleikar á A. Hansen

mánudagur 5. júní

- Kl. 20:00 Pétur og úlfurinn í flutningi Alraðis öreiganna í Hafnarfjarðarleikhúsini

briðjudagur 6. júní

- Kl. 14:00 Eglá í nýjum spegli í Hafnarfjarðarleikhúsini
Kl. 20:00 Frumsýning myndarinnar „Hvar söngur ómar sestu glaður“ í Bæjarbíói
Kl. 20:00 Ninna og Capri Trío. Umhverfisvén tilkusuýning og gömludansarnir í Gúttó til styrktar krabbameinssjúkum börnum.
Aðgangseyrir 500 kr - frítt fyrir börn.
Kvikmyndavöld í Gamla bókasafninu

miðvikudagur 7. júní

- Kl. 12:00 „Harðjaxlar og mjúkjur menn“ Hádegistónleikar í Hafnarborg
Kl. 17:15 Feng Shui kynning í fjölnotasal Bókasafns Hafnarfjarðar
Kl. 20:00 Tónleikar í Gamla bókasafninu
Kl. 21:00 Kvartett Andrésar Þórs. Útgáfutónleikar í Hafnarborg

Aðgangur ókeypis á viðburði nema annað sé tekið fram

ALLA BJARTA DAGA - Rativ - Tungur í leikhúsi - Míkróveröld og morgunstemningar - Ljóð í lauginni - Leikskóalist - Sumarlestur - Brynja og börnin

Allar nánari upplýsingar í Þjónustuveri Hafnarfjarðar, Strandgötu 6 - Sími 585 5500 - www.hafnarfjordur.is

Reykjavík með augum

ANDRÉSAR KOLBEINSSONAR

Ljósmyndir Andrésar Kolbeinssonar eru stílhreinar, tærar og fullar af kyrrð. Einnig vekur hrein myndbygging athygli. Sjálfur segist Andrés ekki hafa hugmynd um hvernig formauga hans hafi þroskast, heldur helst að þarna sé eitthvað meðfætt á ferð.

Í Ljósmyndasafni Reykjavíkur stendur nú yfirlitssýning á myndum Andrésar sem teknar voru á árunum 1952 til 1965. Á sýningunni eru myndir af borg í vexti og íbúum hennar úr mörgum stéttum. Myndirnar eru svarthvítar enda segist Andrés svo til eingöngu hafa tekið svarthvítar myndir þar til hann eignaðist stafræna myndavél í upphafi þessarar aldar.

Andrés Kolbeinsson er fæddur 1919. Hann hneigðið snemma til tónlistar og lærði óbóleik í Englandi. Hann lék með Sinfóníuhljómsveit Íslands frá stofnun hennar 1950 og fram til ársins 1977. Honum reyndist nauðsynlegt að drygja tekjur sínar með einhverjum hætti og varð ljósmyndun annað aðalstarf hans.

Pegar Andrés lítur til baka segist hann ánægðastur með portrettmyndir og leikhúsmyndir. Sömuleiðis er hann ánægður með myndir sem hann hefur tekið af listaverkum og listamönnum.


Texti: STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR
Myndir: ANDRÉS KOLBEINSSON



Hörður Ágústsson listmálarí við veggmálverk sitt í matsal starfsfólks Stjórnarráðsins í Armarhvöli 1957.



Gaffalbitar í dósum, tekið 1961 fyrir löntæknistofnun.



Pétur Þorvaldsson, sellóleikari Sinfóníuhljómsveitar Íslands, 1961.



Úr leikritinu „Pegar nótin kemur“. Í forgrunni Helga Bachmann og Jón Sigurbjörnsson. Tekið 1958 fyrir Leikfélag Reykjavíkur.



Sjálfsportrett af Andrésemi Kolbeinssyni.



Róska borðar ís á Austurbar 1957.

Hágæða Duppen rúm verð frá 46.800- stærð 180x200

Fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri



HAGKAUP
skemmtilegast að versla

JARÐBUNDINN MEISTARI

» Jónas Örn Helgason bar sigur úr býtum í spurningakeppninni Meistararum á Stöð 2. Meðal þeirra sem hann sigraði ádur en til lokaviðureignar kom var Steinþór H. Arnsteinsson, gamall andstæðingur hans úr spurningakeppni framhaldsskólanna, Gettu betur. Jónas hefndi þannig harma sinna en Steinþór hafði betur en hann í Gettu betur. Þeir hittust í fullri vinsemd á kaffihúsi í vikunni og ræddu um gagnslausan fróðleik, spurningakeppnir og sitthvað fleira.

Rétt í þann mund sem blaðamaður ætlar sér að hefja spurningaflóðið yfir Jónasi, þar sem þeir sitja á kaffihúsi í miðbænum, rifjar hann upp annað viðtal sem hann tók við Jónas fyrir nokkrum árum. Þá var blaðamaður að skrifa fyrir hinn ógurlega nördalega vef gettubetur. Is og tók viðtalid í tilefni vasklegrar frangöngu Jónasar það árið í keppninni. Kannski eru það merki um þroska blaðmannsins og Jónasar að í fyrra skiptið hittust þeir í sjóppunni í Foldahverfinu í Grafarvogi og fengu sér hvor sinn bragðarefnn en nú sitja þeir eins og hverjir aðrir bóhemar á kaffihúsi og sötra espresso og cappuccino.

Eftir þessu stuttu uppríjun byrjar blaðamaður hins vegar að spryrjast fyrir um fortíð Jónasar. „Ég átti heima fyrstu tú ár lífs míni í Vesturbænum, nánar tiltekið í Grandahverfi. Eftir það fluttist ég í Grafarvoginn, í Hamrana,“ útskýrir Jónas. Hann segir að flutningurinn hafi ekki reynst sér erfiður og skólastíptin hafi gengið greiðlega fyrir sig. Einu viðbrigðin hafi verið að flytja úr blokk í einbýlishús.

Ein af ástæðunum fyrir flutningnum til Grafarvogsins var sú að faðir Jónasar, Helgi Jónasson, hafði tekið við starfi skólastjóra í Rimaskóla sem hann gegnir enn í dag. Móðir Jónasar, Áðalbjörg Jónasdóttir, starfar sem meinatæknir hjá deCode. Jónas á tvö systkinum, eldri bróður og yngri systur. Hann segir að það sé ágætis kostur að vera miðjubarn. „Það er ekki alveg eins mikið rifist við mann

og það elsta en þó ekki dekrað jafn mikið við mann og við yngsta barnið,“ segir Jónas brosandi.

FEDGAR ÁHUGASAMIR UM GAGNSLAUSAN FRÓÐLEIK

Karlmennirnir í fjölskyldunni, þeir Jónas, Helgi og Jón Árni, verða að teljast mestu spurningkempufeðgar landsins. Allir mættu þeir í forþrófið fyrir Meistarann þar sem Helgi var meðal annars efstur allra. Jón Árni var reyndar sá eini sem ekki komst áfram í aðalkeppnina en hann hefur þó afrekað það tvisvar að keppa í úrslitum Gettu betur. Jónas segist einmitt alltaf hafa liðið upp til stóra bróður. „Við erum góðir vinir og ég hef elt hann margt, til dæmis í MH og Gettu betur liðið þar. Hann var reyndar með einum og öðrum hætti byrjaður að þjálfa mig fyrir Gettu betur, tók mig stundum með sér á æfingar og fleira. Ég hef reyndar alltaf haft áhuga á spurningakeppnum og gagnslausri þekkingu eins og Jón Árni. Ég held að þessi áhugi okkar bræðra á gagnslausri þekkingu komi samt helst frá pabba.“

KÓRINN BJARGADI SKÓLADVÖLINNI

Eins og áður segir stundaði Jónas nám í Menntaskólanum við Hamrahlið, MH, sem er nokkuð underlegt þar sem nær enginn félagi Jónasar úr Grafarvoginum fylgdi honum þangað. Fyrsta árið var líka frekar erfitt fyrir Jónas en síðan segir hann að eftir að hafa

gengið til liðs við hinn margfræga skólakór MH hafi allt varðandi skólagönguna orðið betra. „Fyrsta árið mitt var ég líka á hækjum og það hjálpaði kannski ekki en eftir að hafa farið í kórinn varð maður einhvern veginn opnari og kyntist fleira fólk. Í kórnum eru allir vinir og kórpátið eru alltaf hress.“

Auk þess að vera í kórnum síðustu þrjú árin í MH var Jónas einnig í Gettu betur liði skólans. Með því liði náiði Jónas nokkuð góðum árangri og komst liðið tvíslar í átta liða úrslit og einu sinni í undanúrslit. „Svona Gettu betur-lega séð þá voru mestu vonbrigðin þegar við töpuðum með einu stigi í undanúrslitunum á móti MS. Það hefði verið gaman að komast í úrslit.“

Par sem blaðamaður deilir augljósum áhuga með Jónasi á Gettu betur getur hann ekki annað en að spryrja hann meira út í keppnina. „Mér finnst keppnin vera orðin svoltíð þreytt, að því leyti að hún er mjög íhaldssöm og gæti farið miklu lengra.“ Blaðamaður spryr þá hvort það sé ekki vegna þess að keppendurnir sjálfir séu svo íhaldsamir, að þeim sé illa við breytingar og Jónas jánkari því.

SIGURINN SAMBLAND AF KÆRULEYSI OG HEPPNI

En hver er þá munurinn á Gettu betur og Meistararum, spryr blaðamaður forvitinn að heyra álit Jónasar á því sem hann sjálfur hefur myndað sér skoðun á.

„Meistarinn er mun rólegri, maður eru í



Viðtal: STEINPÓR H. ARNSTEINSSON
Myndir: HARI FÖRÐUN: ELÍN REYNISDÓTTIR

„Ég vil til dæmis meina að það hafi verið blanda af kæruleysi og heppni sem varð til þess að ég vann Meistarann. Ég gerði mér heldur aldrei neinar vonir um að vinna þessar fimm milljónir, ég tók þetta því ekki af of mikilli alvöru.“



honum fyrir sjálfan sig og hefur ekki heilan skóla á bakinu. Ég held til dæmis að kæruleysið hafi fleygt mér svoltíð áfram í Meistarananum. Gettu betur var þó góður bakgrunnur fyrir Meistarann. Mér finnst líka skemmtilegt hvernig mannlegi eðli kemur í ljós í keppninni. „Jónas viðurkennir að hann hafi aeft mikið mun minna fyrir Meistarann en Gettu betur og ræða Jónas og blaðamaður nokkra stund um hversu fáránlega miklum tíma sumir keppendur í Gettu betur hafi eytt í það að æfa og lesa fyrir þá ágætu keppni. Meistarinn er reyndar ekki þess eðlis að hægt sé að æfa mjög mikið fyrir hann. „Ég vil til dæmis meina að það hafi verið blanda af kæruleysi og heppni sem varð til þess að ég vann Meistarann. Ég gerði mér heldur aldrei neinar vonir um að vinna þessar fimm milljónir, ég tók þetta því ekki af of mikilli alvöru.“ Eftir þetta svar Jónasar

tekur við spekinslegt tal tveggja spurningarnóra um kosti og galla Meistarans. Má til dæmis bæta uppáhaldi allra Gettu betur keppenda, hráðaspurningum, í þáttinni? Já, bæði Jónas og blaðamaður eru sammála um að slíkt gæti jafnað út stigasveiflur í keppninni. Peir eru einnig báðir sammála um að valsþurningunum í lokin eigi að vera skipt í þyngdarflokka og líkt og í Popppunkti. Þá ættu sá keppandi sem leggur mikið undir að fá erfiðari spurningu en sá sem leggur minna undir. „Þátturinn er ennþá ungr og því geta stjórnendur þáttarins verið óhræddir við að breyta honum til þess að gera hann betri,“ segir Jónas.

REYNIR AÐ HAFA GAMAN AF LÍFINU

Jónas stundar nú nám í vélaverkfræði í Háskóla Íslands en að einhverju leyti má segja að hann hafi elt bróður sinn, sem hafði valið

að stunda nám í iðnaðarverkfræði. Jónas er samt ekki alveg viss hvað hann ætti að gera af sér í framtíðinni. „Ég ætla allavega að halda áfram í námi og klára það. Ég er ekkert að flýta mér og svo sé ég bara hvað framtíðin ber í skauti sér. Er ekki bara draumurinn að eftir tú til fimmtíðin ár búi maður í úthverfi með 2-4 börn, með tvo jeppa og þetta venjulega?“ segir hinn jarðbundni vélaverkfrædinemi. „Ég ætla bara að reyna að hafa gaman af lífinu og skemmta mér.“

Jónas ætlar líka að draga sig aðeins úr svíðsljósínu. Hann ætlar sér einnig að hætta að mestu afskiptum sínum af spurningakeppnum, sem er gott fyrir blaðamann, þá er einum andstæðingnum færra. „Maður er kominn með nóg af því að vera í sjónvarpinu og í blöðunum. Í mesta lagi að maður taki Trivial heima hjá ömmu,“ segir Jónas að lokum, gláður og sáttur.



Höfum opnað
nýja glæsilega
verslun á jarðhæð
Laugavegi 89

DKNY

Kristensen du Nord

Gerard Darel

Bruuns Bazaar

Nicole Farhi

Paul et Joe

IKKS

D&G

eva

Laugavegi 89 s. 512 1715



Eva lagfærir búninginn á Brynju Sóleyju Plaggenborg. Guðný Diljá og Sunneva Björk Helgadætur fylgjast með.

Viðtal: GUNNPÓRA GUNNARSDÓTTIR
Myndir: HÖRÐUR

Fínar á fermingardaginn

» Skólaverkefnin eru að baki hjá Eva Bjarnadóttur fataiðnnema að sinni. Samt gengur saumnálin ótt og titt og nú er það nítjándu aldar þjóðbúningur sem hún fæst við að sauma í frístundum.

Eva nostrar við að brydda mosagræna flaelisborða með silfraðri sníru þegar blaðamann ber að. Hún er að leggja síðustu hönd á nítjándu aldar upphlut sem á að verða fermingarbúningur þriggja systra. Sú elsta ætlað að nota hann nú á hvítasunnudag er hún verður fermd í hlylegri torfkirkju að Hofi í Öræfum. Gott myndefni þar. En hvað kom til að Eva tókst þetta verkefni á hendur? „Ég fékk þessa hugmynd í vetur og spurði foreldra systranna, þau Kolbrúnu Karlsdóttur og Helga Sigurgeirsson, hvort ég mætti ekki sauma svona búning á stelpurnar enda um frændfolk mitt og vini að ræða. Það leyfi fékkst fúslega. Ég fékk líka ómælda aðstoð frá kennurunum mínum í Iðnskólanum. Tvær þeirra höfðu farið á þjóðbúninganámskeið og miðluðu mér af

sínum viskubrunnum. Svo hef ég lesið mér mér til og skoðað myndir. Pilsíð saumaði ég í skólanum en hitt hef ég verið að dunda við eftir skólan og notið þess að vera austur í Öræfum hjá ömmu og afa. Ég hef áhuga á búningasaumi og lit á þetta sem tækifæri þar sem ég legg bara til vinnuna en foreldrar stúlknanna borga efnið.“

Eva kveðst ekki hafa tekið saman hver kostnaðurinn sé en hann hlaupi á nokkrum tugum þúsunda. Búningurinn mun ganga niður eftir aldursstiganum í sysstrahópnum og Eva telur hægt að breyta honum eftir vaxtarlagi hvarrar og einnar. „Nítjándu aldar búningurinn gefur meiri möguleika á breytingum á bolnum en nýrri búningurinn af því hlýrarnir eru samsettir á fleiri stöðum,“ útskýrir hún.



FABRIKAN


Sumarblóm í miklu úrvali
Garðagróður af öllum gerðum
Ráðgjöf og tilboðsgerð

GRÓÐRARSTÖÐIN
Mork

STJÖRNUGRÓF 18 * SÍMI 581 4550 * FAX 581 2228
WWW. MORK.IS MORK@MORK.IS

Sniðið af pilsinu kveðst Eva hafa fengið úr gömlu Húsfreyjublaði og það sem meira var, málin þössuðu. „Annars hefði ég bætt við fellingum eða faekkað þeim,“ segir hún brosandi. Svuntuna og skyrtuna telur hún hafa verið fremur lítið mál að sauma en flestir klukkutímarnir liggja í upphlutsbolnum enda fóðurfrágangur þar og mikill handsaumur. „Ég sat við síðustu viku, saumaði og drakk kaffi með snúðum hjá ömmu sem eru auðvitað alger forréttni! Ég gerði mér kannski ekki alveg grein fyrir því í upphafi hversu mikið verk þetta er, en mér finnst það ótrúlega skemmtilegt.“ Eva er hlynnt því að halda íslenska búningnum í sem upprunalegastri mynd þó svo ekkert eigi að vera bannað. „Mér finnt vafasamt að tala um íslenskan búning þegar við erum farin að sveiflast með vöruframboði nútímans, til dæmis í efnisvali,“ segir hún og kemur með ágæta samlíkingu. „Það má líkja þessu við ferskeytlu, hún kallast ekki ferskeytla nema hún fylgi ákveðnum reglum, annars er talað um leirburð eða hnood.“

Brynja Sóley er sjálf að sauma skinnskó til að hafa við búninginn og er búin að prjóna leppa í þá.



Bryddingarnar komnar á flauelisborðana á bákinu og allt að verða tilbúið.



Eva er enn með prjónana í húfunni og á eftir að ganga frá skúfnum.



Yfir 50 tegundir af plankaparketi

**Egill
Arnason hf**
Ármúli 8 - 108 Reykjavík
595 0500 - www.egillarnason.is

Crema di caffè

Umsjón HALLA BÁRA GESTSDÓTTIR
Mynd GUNNAR SVERRISSON

Á Ítalíu er máltíð ekki fullkomnuð nema með kaffi. Til að fá smá tilbreytingu í espresso-bollann er hér kaffibolli sem kallast crema di caffè og er hann mikil drukkinn í Napólí. Einn crema di caffè og sætar kökur með, biscottini, eða önnur sætindi, dolcetti, er punkturinn yfir i-ið.

UPPSKRIFTIN ER FYRIR ÞRJÁ BOLLA

- 4-5 tsk. sykur eða hrásykur
- 1-2 tsk. fyrstu droparnir af kaffinu sem kemur úr vélinni, það sterka.

Hellið upp á fjóra bolla. Setjið allan sykurinn í líttinn bolla og þegar kaffi fer að streyma úr vélinni, náið þá fyrstu dropunum. Byrjð á einni teskeið og setjið saman við sykurinn. Hrærið sykur og kaffi hratt og örugglega saman. Hrærið þar til úr verður froðukennd og þykk leðja, ljósbrún að lit. Það gæti þurfst að setja örlítíð meira kaffi saman við sykurinn til að betra sé að hræra hann, ef blandað verður of þunn er bara að þykkja hana með meiri sykri. Skiptið froðukenndri sykurblöndunni í þrjá espresso-bolla. Hrærið upp í kaffinu ef þið notið espresso-könnu sem sett er á eldavél. Hellið kaffi í bollana. Strax myndast ljósbrún froða ofan á kaffinu sem drykkurinn ber nafn sitt af. Hrærið upp í kaffinu áður en það er drukkið og berið fram með sætindum. Smákökur eins og við þekkjum þær á Íslandi eru tilvaldar með en bakarí á Ítalíu eru uppfyll af slíkum kökum. Einnig er frábært að hafa biscotti með, eins og það sem er á myndinni. Góðar biscotti-kökur má kaupa í litlum pokum á betri kaffihúsum.



Lambakjöt
ELDAMENNSKAN ER LAMB AÐ LEIKA VIÐ



Grill Kebab

600 g fituhreinsað lambakjöt,
t.d. bógur eða lærisneiðar,
skoríð í u.p.b. 2-3 cm bita.
1/2 dl ólifuolía
safi úr einni sítrónu

1 msk. salvía, smátt söxuð
1/2 msk. óreganó (ferskt), saxað
Hoi Sin sósa (kínversk grillsósa,
fæst í flestum búðum
3 msk. sesamfræ

Setjið kjötið í skál ásamt ólifuolíu, sítrónusafa,
salvíu og óreganó og látið standa í u.p.b. 3 klst.

Raðið kjötinu á pinna, penslið með Hoi Sin
sósu og stráið sesamfræjum yfir pinnana.
Grillið í u.p.b. 8-12 min. og snúið nokkru sinnum
á meðan. Borið fram með t.d. kús-kús og salati.

www.lambakjot.is


ALLIR ELSKA LAMBAKJÖT, MADUR



Byltingin í Borgarnesi

Það er af sem áður var er eina áfengið sem Íslendingar framleiddu var gamli svarti dauði. Nú er framleiddar hér á landi margar áhugaverðar tegundir sem vakið hafa athygli langt út fyrir landsteinana auk þess að fá framúrskarandi viðtökur innanlands. Í Borgarnesi eru framleiddar nokkrar tegundir sem slegið hafa í gegn. Þar er um að ræða vodka og snafsa sem hafa náð mikilli markaðshlutdeild og eru einkar vinsæl til gjafa þegar Íslendingar halda utan. Íslenska Reyka vodkinn var söluhæsta vodkategundin í Fríhöfninni í Flugstöð Leifs Eiríkssonar í febrúarmánuði. Að sögn Hlyns Sigurðssonar, innkaupastjóra Fríhafnarinnar, hefur engin vodkategund náð slíkum árangri á jafn stuttum tíma, en framleiðsla á Reyka hófst í Borgarnesi í ágúst 2005. Að sögn Hlyns hefur Reyka fengið frábærar viðtökur og virðist vera að taka við af íslensku brennivíni sem góð gjöf frá Íslandi. Einnig er vinsælt að gefa snafsana þótt Íslendingar kaupi þá ekki síst fyrir sjálfa sig, einkanlega í skemmtiferðum.

Snafsarnir hafa verið afar vinsælar í vínbúðum, Ópal- og Tópassnafsarnir voru með 61% markaðshlutdeild í mars og eru seldir þrefalt á við erlend heimsfræg merki.



Eden eplasnafs

Epli vaxa kannski ekki í Borgarnesi en samt sem áður hefur Borgnesingum tekist að búa til alíslenskan eplasnafs af alkunnri snilld og hugviti. Útkoman varð Eden eplasnafsinn sem gefur erlendum eplasnöfsum ekkert eftir í gæðum.

Afar viðeigandi er að fá sér Eden eplasnafsinn með Egils Premium bjór sem er búinn til úr íslensku byggi.

Ópal og Tópas

hressa, bæta og kæta



Þjóðargersemin Rauður Ópal í vökvaformi. Ekki hægt að hugsa sér það betra. Mentólið rífur hressilega í, slenið hverfur á braut og maður hreinlega finnur hitabylgjuna líða niður í magann. Hressingarmeðal í sérflokki. Fræg eru ummæli leikstjórans Quentin Tarantino um snafsin og nú þykir nauðsynlegt að kynna snafsana fyrir öllum erlendum stórmennum sem heimsækja landann.



Grænn Tópas er byggður á gamalli hefð. Hæfilega kryddaður með lakkrís mentóli og blöndu af suðrænum kryddolíum. Silkimjúkt bragð og blómaangan í nefi léttir lundina í hversdagssamstrinu.



Hressandi Mentól eukalyptus blandan er kröftug og mýkjandi í hálsi. Eukalyptusolán leikur um munn og nef og gerir andardráttinn ferskan og hressandi. Klikkar ekki í fjölmenni og er tilvalin söngolía.

Ópal-og Tópassnafsarnir fást allir bæði í 70 cl. flöskum og 50 cl. plastpelum.

Skapar tísku en fylgir henni ekki

Chloe Sevigny er leikkona sem án efa er þekktari fyrir það hvað hún er smart en fyrir kvíkmyndaleik. Þó státar hún af einni útnefningu til Óskarsverðlauna, fyrir leik sinn í kvíkmyndinni Boys don't Cry. Varla er hægt að fletta tískublaði án þess að þar sé mynd af Chloe að finna og ekki ómerkari blöð en Vogue og Baazar hafa únefnt hana sem mestu tískudrós í heimi, og þá er nú mikil sagt.

Chloe Sevigny er þó ekki venjulegt tískufrík sem hleypur á eftir straumum samtímans. Hún hefur algjörlega skapað sinn eigin stíl, sem er blanda úr fótum lítið þekktra hönnuða, hátísku og gamalla flíka sem hún finnur sjálf í verslunum með notuð föt. Ekki endilega venjulegum verslunum, meðal uppáhaldsbúða hennar er verslun í Miami sem selur allt að 100 ára gömul föt eftir þekkta hönnuði.

Hún hefur lengi vakið athygli fyrir einstaka tilfinningu fyrir tísku. Áður en hún sló virkilega í gegn sem leikkona birtist til dæmis sjö síðna grein um hana í tímaritinu The New Yorker þar sem hún var tekin sem dæmi um töff og trendí New York búa.

Chloe hefur sjálf látið hafa eftir sér að henni þyki leiðinlegt hvað hún fær mikla athygli út á fötin sem hún klæðist, henni finnist það gera lítið úr sér sem leikkonu. En hún getur að minnsta kosti ekki kvartað yfir lítili athygli ljósmyndara, nóg er af blöðum sem hafa áhuga á að birta af henni myndir. Á síðunni gefur að líta nýlegar myndir af stúlkunni frumlegu sem sýna vel hversu fjölbreyttan og frumlegan fastastíl hún hefur.

Texti: SIGRÍÐUR B. TÓMASDÓTTIR

Myndir: NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES





Levante
CALZE

*Veglegur
kaupauki
fylgir öllum
seldum
vörum frá
Levante*

*Tilboðið gildir í
júní á útsölustöðum
Lyfju, Lyf og Heilsu
og Lyfjavalí.
Gildir á meðan birgðir endast.*

Skór, skór eð skór!

Focus - Kringlunni
Kr. 4.990



KISS - Kringlunni
kr. 6.990
einnig til í svortu




Kynning

Bandaskór ætla að vera áberandi í sumar eins og skór með fylltum hælum í öllum regnboganslitum. Fínir og þæginlegir sandalar eru allsráðandi enda ómissandi þegar fara skal út í friið sem og á heitum sumardögum hér heima á Íslandi. Meðalhá stígvél eru einnig málid en þau passa aldeilis vel við hnébuxurnar sem eru svo vinsælar í helstu tískuborgum heims.

NEXT - Kringlunni
Kr. 3.290



NEXT - Kringlunni
Kr. 2.390




Benetton / Sisley -
Smáralind
Buxur Kr. 6.295
einnig til í drappituðu
og svortu






NEXT - Kringlunni
Kr. 3.990



Focus - Kringlunni
Kr. 4.990



Focus - Kringlunni
Kr. 3.990



Focus - Kringlunni
Kr. 4.990



KISS - Kringlunni
Kr. 4.990



Gallabuxnabúðin - Kringlunni
kr. 4.950, einnig til í svörtu og hvítu

» 17. Sjóvá Kvennahlaup ÍSÍ fer fram laugardaginn 10. júní næstkomandi á yfir hundrað stöðum hérlandis og erlendis. Árlega taka 18.000 konur á öllum aldri þátt en meginmarkmið Kvennahlaupsins er að hvetja og styðja konur til aukinnar hreyfingar og heilsueflingar. Allar konur geta tekið þátt í hlaupinu á sínum forsendum, óháð aldri og líkamlegri getu og vona aðstandendur að hlaupið smiti út frá sér og hvetji konur að vera á iði allan ársins hring.

HVERT SKREF SKIPTIR MÁLI

Í ár hafa aðstandendur Kvennahlaupsins ákvæðið að taka höndum saman við UNIFEM á Íslandi undir yfirskriftinni „Hvert skref skiptir mál.“ Verndari hlaupsins er Ásdís Halla Bragadóttir, forstjóri Byko.

Markmið samstarfsins er að vekja athygli á starfi UNIFEM, sérstaklega í Afganistan, og hvetja íslenskar konur til að sýna samstöðu með mannréttindum kvenna um leið og þær

ebla eigin heilsu. „Ástandið í kvenréttindamálum er griðarlega slæmt í Afganistan og er þörfin fyrir hjálp nær botnlaus,” segir Birna Þórarinsdóttir, framkvæmdastýra UNIFEM á Íslandi. „Prátt fyrir þær breytingar sem hafa átt sér stað á síðustu árum þarf aðeins að fara rétt út fyrir Kabúl til að sjá að staðan er sú sama og hún var undir stjórn Talibana.“ Ólaesi kvenna í Afganistan er um 90 prósent,



Ung stúlka í Afganistan við vinnu sína á valmúavelli. Tækifæri til atvinnusköpunar fyrir konur í Afganistan eru af skornum skammti.

Mynd: UNICEF/KATE BROOKS



Kvennahlaupið í fyrra var vel sótt enda tilvalinn vettvangur fyrir unga sem aldna að sýna sig og sjá aðra.

Mynd: HEIDA

90-97 prósent þeirra þjást af þunglyndi, og tiðni mæðradauða er óvíða hærri. Réttindi kvenna eru fótum troðin og þær komast varla út úr húsi nema í fylgd karlmanna. „UNIFEM hefur unnið mikil með kvennamálaráðuneytinu í Afganistan og aðstoðað við þjálfun og menntun opinberra starfsmanna, lögreglumannu og aðila innan dómkferfisins, svo eitthvað sé nefnt,“ segir Birna. „UNIFEM stendur einnig fyrir fjölda námskeiða sem miða að því að rjúfa efnahagslega einangrun kvenna og gefa þeim tækifæri til að standa á eigin fótum og sjá sér og fjölskyldum sínum farborða.“ Önnur baráttumál eru hin elifa baráttá móti ofbeldi gegn konum og barnabruðkaupum, en ungar afganskar stúlkur eru gefnar í hjónaband allt frá 10 ára aldri. UNIFEM stendur einnig fyrir uppbyggingu svokallaðra kvennamiðstöðva, þar er boðið upp á víðtæka þjónustu eins og smálánabjónustu, sálgæslu og heilsugæslu, en hún er af skornum skammti fyrir konur.

Það getur hver sem er skráð sig til leiks í Kvennahlaupinu og er þátttökugjaldið 1.000 krónur. Allir þáttakendur fá bol og verðlaunapening og renna 50 krónur af þátttökugjaldinu til UNIFEM. Einnig verða armbönd UNIFEM til sölu á hlaupastöðum. Birna vill nota tækifærið og hvetja konur í saumaklúbbum að rífa sig upp úr sófanum og hittast í hlaupinu. Þær geta þá hist, notið hreyfingarinnar og látið gott af sér leiða um leið.

RÝMINGARSALA

RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM • 30-80% AFSLÁTTUR



kr.59.900.-

SAGA TUNGUSÓFI

kr.39.900.-

SHOUTER 2JA SÆTA HÆGINDASÓFI

kr.49.900.-

SHOUTER 3JA SÆTA HÆGINDASÓFI



kr.69.900.-

CAMILLA 3+2 SÓFASETT

kr. 23.900.-

EXPERT OPTIMAL DÝNA, BOTN OG FÆTUR (90X200)

STÆRÐIR Í BOÐI

90 X 200.....	KR. 23.900.-
120 X 200.....	KR. 32.900.-
160 X 200.....	KR. 39.900.-



ALIZE DÝNA, BOTN OG FÆTUR (90X200) AÐEINS KR. 19.900.-

MATTHEW AMERÍSKUR HÆGINDASTÓLL AÐEINS KR. 19.900.-

...OG FJÖLDI ANNARA TILBOÐA


VISA OG EURO
RAÐGREIÐSLUR
ALLT AÐ 36 MÁN.

SETT
HÚSGAGNAVERSLEN

VISALán
-HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

OPNUNARTÍMI: MÁNUÐ - FÖSTUD 11:00 - 18:00 LAUGARDAGA 11:00 - 16:00 SUNNUDAGA LOKAÐ

SETT HÚSGAGNAVERSLEN • ASKALIND 2A - 201 KÓPAVOGUR - SÍMI 534 1400 - WWW.SETT.IS



Ég vil fara, upp í sveit

Nú er fyrsta stóra ferðamannahelgin framundan og margir sem munu leggja land undir fót í leit að ævintýrum og afslöppun. Að sjálfsögðum leggur Birta sitt af mörkum til að gera ferðina skemmtilegri og því koma hér nokkur mikilvæg ferðaatriði sem allir ferðalangar verða að renna augum yfir.-

FYRIR SUMARBÚSTAÐINN – EKKI GLEYMA ...

... Scrabble, Trivial eða spilastokki
... góða skapinu
... nokkrum köldum
... grillolíu og kolum
... pottaferðasundfötum
... sólarvörn (alltaf að halda í vonina)
... góðum ferðafélögum
... geisladiskum með Ríó tríói og Sólarstrandargæjunum
... eldiviði í miðnæturþálkost
... að sækja um leyfi hjá sýslumannni til að skjóta upp flugeldum
... bolta, badmintongræjum eða jójói
... góðri bók, krossgátu og sudoku
... að skilja símann og tölvuna og annað óþarfa áreiti eftir heima

Texti: JÓHANNA SVEINSDÓTTIR

Bílaleikir

BÍLSTJÓRINN BÖGGAÐUR

Farþegar syngja eftirfarandi sönglínur við Eurovision-lagið hennar Silvíu Nætur – Erum við komin?! – Ég vil fá pulsu og kók – Ég þarf að pissa – Þessi bílstjóri er djók – Sumarbústað vil í – Fæ sko flog er ég kem – Ég er fædd til að grill ’ennan – borgara í hehel.

Syngið aftur og aftur þar til bílstjórinн stoppar bílinn og hendir farþegunum út. Pennan leik má líka nota til að velja næturstað. Þar sem bílstjórinн gefst upp, þar er tjaldáð.

LITALEIKURINN

Allir draga einn lit upp úr húfu. Svo er tekið vel eftir öllum bílum sem sjást á sveitavegum. Sá sem dró hvítan lit telur alla hvítu bílana, sá sem dregur svartan telur alla svörtu bílana og svo framvegis. Sá sem hefur svo talið flesta bíla í sínum lit þegar komið er á áfangastað er ýkt óheppinn því sá þarf að bera farangur hinna, elda og vaska upp um kvöldið.

HVER ER MAÐURINN

Einn hugsar sér manneskjú. Til dæmis Madonnu eða páfann. Hinir eiga svo að komast að því hver maðurinn er með því að sprýra já-eða nei-spurninga. Bannað að láta giska á Bjössa á skrifstofunni, það verður að vera einhver sem allir þekkja.



Á ferðalagi um hvítasunnuhelgi má ekki undir nokkrum kringumstæðum ...

... fara í fílu yfir nokkrum sköpuðum hlut.
... verða kalt og því þarf að hafa með nóg af teppum og þurrum sokkum.
... vera lokaður fyrir breytingum á ferðaáætlun eða því að reyna eitthvað nýtt.
... keyra eftir að áfengi hefur komist ofan í magann.
... bruna framhjá puttalingum, allir eru vinir um hvítasunnu.
... bruna framhjá búfénaði, allir að stoppa og fara út að klappa kusum og hoho.
... sleppa stoppi í sjóppu til að fá sér pulsu og kók.
... láta langbylgju RUV buga góða skapið.
